

Héraðsdómur Reykjaness
Fjarðargötu 9
220 Hafnarfirði

Reykjavík, 6. nóvember 2025.

EFNI: BEIÐNI F.H. ÍSLENSKA RÍKISINS UM DÓMKVAÐNINGU MATSMANNA SAMKVÆMT
XII. KAFLA LAGA NR. 91/1991 UM MEÐFERÐ EINKAMÁLA.

Matsbeiðandi: Íslenska ríkið, kt. 550169-2829,
Arnarhvoli við Lindargötu, 101 Reykjavík

Matspolar: Náttúruhamfaratrygging Íslands, kt. 520276-0259,
Hlíðarsmára 14, 201 Kópavogi

HS Orka hf., kt. 680475-0169,
Orkubraut 3, 241 Grindavík

HS Veitur hf., kt. 431208-0590
Brekustíg 36, 260 Reykjanesbæ

Bláa Lónið Ísland ehf., kt. 490792-2369
Urriðaholtsstræti 2-4, 210 Garðabæ

I. ALMENNT

- Í október 2023 hófst kvikusöfnun undir Svartsengi og í kjölfar þess myndaðist þar stór kvikugangur. Í desember 2023 hófst síðan eldgosahrina við Sundhnúksgíga á Reykjanesskaga, norðan Grindavíkur og austan Svartsengis. Alls urðu níu sprungugos á svæðinu í hrunni.
- Á meðan eldgosahrinan stóð yfir var á vegum íslenska ríkisins ráðist í viðamiklar aðgerðir í því augnamiði að draga úr eða koma í veg fyrir tjón, sem líklegt var talið að hlytist af eldgosunum og hraunflæði á svæðinu, meðal annars á váttryggðum hagsmunum einstaklinga og lögaðila, svo sem íbúðarhúsnæði, atvinnuhúsnæði og ýmiss konar lausafé o.fl. Í því skyni var á vegum matsbeiðanda meðal annars ráðist í

byggingu umfangsmikilla varnargarða við Grindavík og Svartsengi, sem ætlað var að hindra hraunflæði og beina því frá þeim verðmætum sem hætta var á að yrðu ella fyrir tjóni á þeim svæðum. Þá var á vegum matsbeiðanda ráðist í kælingu hraunsins auk annarra aðgerða í sama skyni.

3. Kostnaður matsbeiðanda af framangreindum aðgerðum er orðinn verulegur, en matsbeiðandi telur varlega áætlað að hann hafi verið yfir 11 milljarðar króna.
4. Matsbeiðandi telur sig eiga kröfu á hendur þeim aðilum, sem áttu þá hagsmuni sem forðað var frá tjóni með aðgerðum matsbeiðanda, um endurgreiðslu hluta þess kostnaðar sem lagt hefur verið í.
5. Fyrir hönd matsbeiðanda og með vísan til XII. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, er þess farið á leit, að dómkvaddir verði tveir hæfir og óvilhallir matsmenn til að meta kostnað matsbeiðanda af aðgerðunum, hvort sá kostnaður hafi verið forsvaranlegur, þá hagsmuni sem bjargað var með aðgerðunum og önnur atriði, allt samkvæmt nánari matsspurningum sem settar verða fram hér síðar.
6. Samkvæmt fyrimælum 1. mgr. 78. gr. laga nr. 91/1991 er beiðni þessari beint að dómara í þinghá Héraðsdóms Reykjaness, þar sem höfða mætti mál um kröfur matsbeiðanda, en stór hluti matsþola, sem yrðu til varnar í slíku dómsmáli, eiga varnarþing í þeirri þinghá, sbr. 1. mgr. 33. gr. og 1. mgr. 42. gr. laga nr. 91/1991. Þá kann skoðun fasteigna í Grindavík, við Svartsengi o.fl. að reynast nauðsynleg í málinu, sbr. 1. mgr. 34. gr. sömu laga, en þær eru staðsettar í þinghá Héraðsdóms Reykjaness.

II. HELSTU MÁLAVEXTIR – NÁNAR

7. Snemma morguns 25. október 2023 hófst öflug jarðskjálftahrina á svæðinu milli Þorbjarnar og Sundhnúks norðan Grindavíkur. Óvissustigi almannavarna var lýst yfir vegna skjálftahrinunnar. Frá 25. október til 7. nóvember 2023 mældust tæplega 20 þúsund jarðskjálftar á þessum slóðum, þar af rúmlega 70 sem náðu 3 að stærð á Richter skalanum og sjö sem náðu 4 að stærð.
8. Í fyrstu viku nóvember 2023 var innstreymi hraunkviku inn í kvikuhólf undir svæðinu um 7,5 rúmmetrar á sekúndu sem var um fjórfalt meira en sést hafði í fyrri innskotum við Þorbjörn á árunum 2020 og 2022. Athygli manna beindist bæði að byggð í Grindavík, en einnig að Svartsengisvirkjun og afleiðingum þess ef röskun yrði á starfsemi hennar í eldgosi, en virkjunin sér öllum byggðarlögum á Suðurnesjum fyrir

heitu vatni auk þess sem allar tengingar rafmagns og neysluvatns til Grindavíkur fara þar í gegn.

9. Þrátt fyrir að Bláa lónið væri yfir miðju kvikuinnskotinu hélt starfsemi þar áfram.
10. Aðfararnótt 9. nóvember 2023 gekk kröftug jarðskjálftahrina yfir svæðið með 22 skjálftum yfir 3 á stærð frá miðnætti til kl. 3 um nóttina. Margir gestir á hóteli Bláa lónsins yfirgáfu þá hótelið og um morguninn tilkynntu stjórnendur fyrirtækisins að lóninu yrði lokað í eina viku.
11. Að morgni 10. nóvember 2023 hófst mikil skjálftahrina við Sundhnúksgríga sem færðist til norðausturs og suðvesturs í átt að Grindavík. Grindavíkurvegi var lokað síðar um daginn vegna skemmda á veginum. Margir íbúar í Grindavík yfirgáfu bæinn að eigin frumkvæði vegna linnulausra skjálfta.
12. Þegar birti af degi 11. nóvember 2023 kom í ljós að mikið tjón hafði orðið í Grindavík vegna umbrotanna kvöldið áður. Sigdalur hafði myndast yfir kvikuganginum í gegnum Grindavíkurbæ og miklar sprungur höfðu opnast sem skemmdu byggingar, götur og lagnir víða í bænum. Kvikuhlaupinu var lýst sem sjaldgæfum atburði á heimsvísu. Á aðeins sex klukkustundum myndaðist um 15 kílómetra langur kvikugangur á 1-5 kílómetra dýpi sem var mest 8 metra breiður.
13. Eldgos hófust skömmu síðar á svæðinu, en þau voru nánar eins og hér greinir:
 - a) 18. - 21. desember 2023
Þann 18. desember um kl. 22:17 hófst eldgos við Sundhnúksgríga, austan við Svartsengi og norðan við Grindavík. Sprungan sem opnaðist var allt að 4 kílómetrar að lengd. Hraun rann í norðaustur en eftir sólarhring minnkaði sprungan í afmarkaðri virk svæði eða í tvo gríga. Hraunið náði yfir 3,5 ferkílómetra svæði.
 - b) 14. - 16. janúar 2024
Þann 14. janúar 2024 opnaðist ný sprunga nálægt Hagafelli og önnur minni innan varnargarða, alveg upp við byggðina í Grindavík. Hraunrennslið eyðilagði hið minnsta þrjú hús í bænum. Rafmagnslaust og heitavatnslaust varð í bænum. Gosvirkni varði ekki lengi og var engin virkni sjáanleg um klukkan eitt eftir miðnætti 16. janúar.
 - c) 8. - 9. febrúar 2024

Gosið varð á sömu slóðum og gosið þann 18. desember 2023. Eldgosið rauf Grindavíkurveg og hitaveitulögn sem þjónaði Suðurnesjum.

d) 16. mars - 8. maí 2024

Gos milli Stóra-Skógfells og Hagafells. Hraun rann til vesturs og suður til Suðurstrandavegs. Varnargarðar, sem þá höfðu verið reistir beindu hrauninu frá Grindavík. Hraunið fyllti Melhólsnámu þar sem sótt hafði verið efni í varnargarða. Gosið fjaraði út í byrjun maí.

e) 29. maí - 22. júní 2024

Eldgos hófst norðaustan við Sýlingarfell þegar 1-2 kílómetra löng sprunga opnaðist og varð síðar um 3,5 km löng. Gosið var talið það stærsta í hrinunni. Rennsli hrauns var einkum í suðurátt. Í gosinu eyðilögðust rafmagnsmöstur og rafmagn fór af Grindavík. Einnig rann hraun yfir Grindavíkurveg og Nesveg. Vatni var dælt á hrauntauma sem brutust yfir varnargarða um kílómetra frá Svartsengi. Þann 22. júní sást engin virkni í gígnum.

f) 22. ágúst - 5. september 2024

Gosið á svipuðum slóðum og áður en náði þó örlítið norðar. Að lokum urðu gígar einungis virkir hjá Stóra-Skógfelli. Sprungur teygðu sig í 7 kílómetra fyrstu klukkutíma gossins. Um 1.300 manns voru í Bláa lóninu þegar gosið hófst, en Bláa lónið var þá rýmt. Flatarmál hraunsins var 15 ferkílómetrar í lok ágúst 2024.

g) 20. nóvember - 9. desember 2024

Hraunið rann norður en tunga þess teygði sig vestur yfir Grindavíkurveg og fór yfir hluta bílastæða við Bláa lónið. Rafmagnslaust varð í Grindavík eftir að Svartsengislína til bæjarins rofnaði. Hitaveituæðin Njarðvíkuræð hafði verið fergð með aðgerðum sem matsbeiðandi greiddi fyrir, en sú aðgerð bjargaði æðinni frá skemmdum. Hraunjaðarinn var kældur með vatni til að stöðva framgang hraunsins en einnig voru varnargarðar hækkaðir. Gosið var það næststærsta í hrinunni miðað við flatarmáls hrauns.

h) 1. apríl 2025

Gosið virtist vera suðaustan við fjallið Þorbjörn. Sprungan fór aðeins inn fyrir varnargarðinn og hraun rann í átt að Grindavík. Virknin fjaraði þó út samdægurs.

i) 16. júlí - 5. ágúst 2025

Eldgos norðaustur af Stóra-Skógfelli eftir kvikuhlaup sem hófst rétt fyrir miðnætti. Hraunrennsli frá gosinu ógnaði ekki mannvirkjum en talsverð gasmengun barst yfir Reykjanesbæ.

14. Þær aðgerðir sem ráðist var í af hálfu matsbeiðanda, og sem matsbeiðandi greiddi fyrir, eru einkum eftirfarandi:

- a) Varnargarðar við Grindavík og Svartsengi
- b) Hraunkæling
- c) Varnir við hitaveitulagnir, þ.m.t. fering þeirra
- d) Vegagerð við Svartsengi og Grindavík vegna ofangreinds.

III. NÁNAR UM RÖKSTUÐNING AÐ BAKI KRÖFUM MATSBEIÐANDA Á HENDUR MATSPOLUM

15. Matsbeiðandi telur sig eiga fjárkröfur á hendur matspolum um endurgreiðslu á þeim mikla kostnaði, sem matsbeiðandi greiddi í því skyni að koma í veg fyrir eða draga úr tjóni á fasteignum og lausafé, en með þeim aðgerðum varði matsbeiðandi fjárhagslega hagsmuni matsþola með beinum hætti. Kröfur matsbeiðanda byggja meðal annars á eftirfarandi grundvelli:

- a) Matsbeiðandi telur sig eiga kröfur á hendur matspolum meðal annars á grundvelli óskráðra reglna skaðabótaréttar um óbeðinn erindisrekstur, almennra reglna um bótaskyldu eigenda hagsmuna og vátryggjenda þeirra vegna útgjalda og tjóns þess sem bjargar hagsmununum, reglna um óréttmæta auðgun og annarra réttarreglna. Matsbeiðandi telur meðal annars í þeim efnum að aðgerðir hans hafi verið nauðsynlegar til að afstýra og/eða draga úr tjóni, að eigendur hagsmunanna hafi ekki getað gætt hagsmunanna sjálfir og að háttsemi matsbeiðanda hafi í öllum atriðum verið forsvaranleg.
- b) Aðgerðir matsbeiðanda miðuðu meðal annars að því að gæta hagsmuna matsþolanna HS Orku hf., HS Veitna hf., Bláa Lónsins Ísland ehf., Eldvarpa ehf., Hraunseturs ehf., Íslenskra Heilsulinda ehf. og Bláa lónsins hf., sem óumdeilt er að áttu (og eiga enn, þökk sé aðgerðum matsbeiðanda) afar verðmætar fasteignir og lausafé við Svartsengi, sem eru grundvöllur reksturs umræddra lögaðila, og/eða verulega rekstrarhagsmuni tengda slíkum eignum.

- c) HS Orka hf., sem er þriðji stærsti raforkuframleiðandi landsins, á og rekur jarðvarmavirkjanir, meðal annars við Svartsengi með tilheyrandi fasteignum og lausafé.
- d) HS Veitur hf., sem sér um sölu og dreifingu á heitu og köldu vatni og raforku, á sömuleiðis fasteignir og lausafé við Svartsengi sem nauðsynleg eru til rekstrarins.
- e) Aðrir framangreindir matspolar eiga ýmist fasteignir og lausafé við Svartsengi (meðal annars Eldvörp ehf.) og/eða rekstrarhagsmuni tengda Bláa lóninu, gistipjónustu, veitingasölu, heilsulind, heilsuvörum og/eða annarri þjónustu á svæðinu. Allar framangreindar eignir og rekstrarhagsmunir voru í verulegri hættu á tjóni við áðurgreind eldsumbrot.

Framangreindir aðilar áttu ýmist beina fjárhagslega hagsmuni og/eða mikla rekstrarlega hagsmuni tengda því að fasteignirnar, búnaður þeim tengdur og lausafé yrði ekki fyrir tjóni í áðurgreindum náttúruhamförum. Við þær aðstæður, sem hér voru uppi, ber eigendum hagsmunanna, þ.e. matspolum, að halda erindrekanum, þ.e. matsbeiðanda, skaðlausum af útgjöldum hans við að gæta hagsmunanna.

- f) Sem dæmi um eignarhald hluta matspola á fasteignum á svæðinu má nefna eftirfarandi (með fastanúmerum fasteigna og landnúmerum), án þess að þeirri talningu sé ætlað að vera tæmandi:

- | | | |
|-------------------------|---------|---|
| 1. <u>HS Orka hf.</u> | | |
| a. F2332727 | L211193 | Óskipt land Járngerðisstaða og Hópstorfu í Grindavík (með öðrum eigendum) |
| b. F2332665 | L219400 | Svartsengi dreifistöð, 241 Grindavík „Viðskipta og þjón.lóð“ |
| c. F2332771 | L129118 | Orkubraut 1, 241 Svartsengi „lðnaðar og athafnalóð“ |
| d. F2092575 | L219061 | Orkubraut 3, 241 Svartsengi „Sérhæfð bygging“ (18.063,9 fm) |
| 2. <u>HS Veitur hf.</u> | | |
| a. F2092595 | L129121 | Norðurljósavegur 2, 241 Svartsengi. „Sérhæfð bygging“ (102,9 fm) |
| b. F2332641 | L219380 | Norðurljósavegur 7A, 241 Svartsengi. „Viðskipta og þjón.lóð“ |
| 3. <u>Eldvörp ehf.</u> | | |

a.	F2236775	L179478	Norðurljósavegur 9, 241 Svartsengi. Baðhús (10.449,3 fm)
b.	F2332767	L129120	Norðurljósavegur 3, 241 Svartsengi. Iðnaðar- og athafnalóð
c.	F2274930	L197939	Norðurljósavegur 5, 241 Svartsengi. Iðnaður
d.	F2274936	L196226	Norðurljósavegur 7, 241 Svartsengi. Heilsurækt (3.399,6 fm)
e.	F2354123	L222979	Norðurljósavegur 9A, 241 Svartsengi Þjónustumiðstöð (136,4 fm)
f.	F2332768	L199257	Norðurljósavegur 11, 241 Svartsengi Hótel (5.222,4 fm).
g.	F2332769	L175939	Norðurljósavegur 13, 241 Svartsengi Lóð

- g) Matsbeiðandi telur sig auk þess eiga kröfu á hendur Náttúruhamfaratryggingu Íslands á grundvelli framangreindra reglna, en einnig á grundvelli reglna um greiðslu björgunarkostnaðar á grundvelli 38. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga og óskráðra reglna sambærilegs efnis, sbr. og að sínu leyti ákvæði 25. gr. laga nr. 55/1992 um Náttúruhamfaratryggingu Íslands, enda var Náttúruhamfaratrygging Íslands váttryggjandi stórs hluta fasteigna í Grindavík og við Svartsengi á grundvelli laganna. Þá vísar matsbeiðandi til 28. gr. laga nr. 30/2004, 13. gr. laga nr. 55/1992 og 14. gr. reglugerðar nr. 770/2023 um Náttúruhamfaratryggingu Íslands í því sambandi.
- h) Að því er varðar kröfur um björgunarkostnað og aðild Náttúruhamfaratryggingar Íslands byggir matsbeiðandi auk þess á því að eigendur fasteigna í Grindavík væru með sama hætti og að framan greinir skyldir til að bæta björgunarkostnað matsbeiðanda. Á grundvelli tilvísunar 2. mgr. 38. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga til 44. gr. sömu laga er matsbeiðanda heimilt að hafa uppi kröfu vegna þessa beint á hendur
- i) Náttúruhamfaratryggingu Íslands, sbr. 1. mgr. 44. gr. laganna og að sínu leyti 25. gr. laga nr. 55/1992 um Náttúruhamfaratryggingu Íslands, þar sem segir: „Ef eigi leiðir annað af lögum þessum skal beita reglum laga um váttryggingarsamninga eftir því sem við getur átt“.
- j) Af hálfu matsbeiðanda skal áréttað að þrátt fyrir að hann óski auk annars eftir svörum matsmanna við spurningum um þann árangur sem varnar- og björgunaraðgerðir matsbeiðanda skiluðu við að forða verðmætum frá tjóni, telur matsbeiðandi það ekki vera skilyrði fyrir kröfugerð af hálfu matsbeiðanda á hendur matspólum (eða öðrum aðilum) að slíkur árangur hafi í raun náðst eða hversu mikill hann var.

- k) Til hliðsjónar varðandi kröfugerð matsbeiðanda á hendur matspolum skal nefnt að heildarvirði váttryggðra eigna hjá Náttúruhamfaratryggingu Íslands í Grindavík einni nam um [153] milljörðum króna þegar matsbeiðandi réðist í þær aðgerðir, sem getið er í matsbeiðni þessari. Auk þess munu fasteignir Bláa lónsins hafa verið tryggðar þar fyrir 23 milljarða króna. HS Orka hf. mun hins vegar hafa tryggt sínar eignir hjá erlendu félagi fyrir um 23 milljarða króna skv. ársreikningi HS Orku hf. fyrir árið 2024. Náttúruhamfaratrygging Ísland mun vera með endurtryggingar hjá erlendum tryggingafélögum.

IV. NÁNAR UM KOSTNAÐ MATBEIÐANDA

16. Dómkvöddum matsmönnum er, venju samkvæmt, ætlað að meta sjálfstætt þau atriði, sem matsbeiðni þessi lýtur að, þar á meðal um þann kostnað sem matsbeiðandi hefur haft af þeim aðgerðum sem ráðist var í að undirlagi matsbeiðanda í því augnamiði að koma í veg fyrir eða draga úr hættunni á tjóni af völdum eldsumbrotanna á Reykjanesskaga á árunum 2023-2024.
17. Matsbeiðandi mun leggja fram í matsmálinu yfirlit yfir áætlaðan kostnað hans vegna framangreinds, til hliðsjónar fyrir dómkvadda matsmenn. Þá munu dómkvaddir matsmenn fá aðgang að bókhaldi, reikningum og öðrum gögnum sem varða kostnað matsbeiðanda af aðgerðunum.

V. ANDLAG MATS / MATSSPURNINGAR

Á árunum 2023 – 2025 var ráðist í aðgerðir við Grindavík og við Svartsengi því skyni að hefta hraunrennsli af völdum eldsumbrotanna sem þá stóðu yfir á Reykjanesskaga. Þ.e:

- a) Byggingu varnargarða á hvorum stað fyrir sig.
- b) Kælingu hrauns á hvorum stað fyrir sig.
- c) Vinnu við að fergja hitaveituæðina Njarðvíkuræð til að verja hana gegn hraunrennsli.
- d) Vegagerð

Óskað er eftir sérfræðimati og skriflegu, rökstuddu og sundurliðuðu áliti og svörum hinna dómkvöddu matsmanna um alla framangreinda þætti, en nánari spurningar eru hér á eftir:

UM FRAMKVÆMDIR Á VEGUM MATSBEIÐANDA

1) Hver var kostnaður matsbeiðanda við allar þær aðgerðir sem falla undir framangreinda lýsingu, sundurliðað eftir aðgerðum og helstu verkþáttum?

Við matið skal tekið tillit til hver kyns beins kostnaðar sem tengist viðkomandi aðgerðum, svo sem við undirbúning, hönnun og framkvæmd, hvort sem er vegna efnis eða vinnu, hvort sem um er að ræða launakostnað (að meðtöldum launatengdum gjöldum) eða verktakakostnað og hvort sem vinnan var unnin beint af hálfu matsbeiðanda eða þriðja aðila gegn greiðslu matsbeiðanda.

2) Var kostnaður matsbeiðanda af þeim aðgerðum sem falla undir matsspurningu nr. 1 forsvaranlegur og eðlilegur með hliðsjón af staðsetningu, hönnun og umfangi þeirra?

Ef ekki, hver var forsvaranlegur og eðlilegur kostnaður við þær aðgerðir sem falla undir matsspurningu nr. 1 með hliðsjón af staðsetningu, hönnun og umfangi þeirra?

Til skýringar skal tekið fram að í þessari matsspurningu er einungis óskað eftir mati á því hvort kostnaður við framangreindar aðgerðir var forsvaranlegur og eðlilegur miðað við staðsetningu, hönnun þeirra og umfang og miðað við þá gefnu forsendu að ráðast hafi átt í umræddar aðgerðir.

Með öðrum orðum er í matsspurningu nr. 3 ekki óskað eftir mati á því hvort forsvaranlegt og eðlilegt hafi verið að ráðast í umræddar aðgerðir út frá þeirri hættu sem steðjaði að eða út frá þeim hagsmunum sem í húfi voru. Matsspurningar varðandi síðastgreind atriði koma hins vegar hér síðar.

3) Voru hönnun, umfang staðsetning og framkvæmd þeirra aðgerða sem falla undir matsspurningu nr. 1 forsvaranleg og eðlileg og til þess fallin að draga úr þeirri hættu á tjóni sem steðjaði að fasteignum, lausafé, rekstri og öðrum hagsmunum í (A) Grindavík og (B) Svartsengi, vegna eldsumbrotanna sem þá stóðu yfir á Reykjanesskaga?

Ef ekki, hver hefði verið forsvaranleg og eðlileg hönnun, umfang, staðsetning og framkvæmd þeirra aðgerða verið með hliðsjón af þeirri hættu sem steðjaði að Grindavík vegna eldsumbrotanna á Reykjanesskaga á árunum 2023-2024?

UM ÞÁ HAGSMUNI SEM LEITAST VAR VIÐ AÐ FORÐA FRÁ TJÓNI**4) Að hvaða marki komu þær aðgerðir, sem falla undir matsspurningu nr. 1, í veg fyrir tjón eða drógu úr tjóni af völdum eldsumbrotanna á Reykjanesskaga á árunum 2023-2025?**

Óskað er eftir umfjöllun matsmanna um eftirfarandi:

- a) Almenn umfjöllun um hvernig þær aðgerðir, sem falla undir matsspurningu nr. 1, komu í veg fyrir tjón eða drógu úr tjóni af völdum eldsumbrotanna á Reykjanesskaga á árunum 2023-2025.
- b) Hvaða fasteignum, lausafé, rekstri og öðrum hagsmunum var forðað frá tjóni með aðgerðunum. Óskað er eftir sundurliðaðri umfjöllun matsmanna um hvert þessara atriða, bæði eftir því (i) hvaða fasteignir, lausafé, rekstur og aðra hagsmuni var um að ræða í hverju tilviki og (ii) hvaða aðgerðir það voru sem forðuðu tjóninu í umrædd sinn og hver kostnaður við þær var.
- c) Hverjir voru eigendur hagsmunanna í hverju tilviki samkvæmt sundurliðun matsmanna við matsspurningu nr. 5)b) hér að ofan.

5) Hvert er verðmæti þeirra fasteigna, lausafjár, reksturs og annarra hagsmuna, sem forðað var frá tjóni samkvæmt svörum matsmanna við matsspurningu nr. 5?

Þess er óskað að matsmenn tilgreini eins nákvæmlega og þeim er unnt allar fjárhæðir, eðli þeirra hagsmuna sem í húfi voru og eigendur viðkomandi hagsmuna.

Þess er óskað að matsmenn boði til matsfundar þar sem aðilum verður gefinn kostur á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri.

Gögn málsins verða send dómkvöddum matsmönnum og matspólum að lokinni dómkvaðningu matsmanna.

Áskilinn er réttur til að koma á framfæri við dómkvadda matsmenn frekari sjónarmiðum og gögnum á síðari stigum matsmálsins.

Ekki ber heldur að líta á beiðni þessa sem tæmandi talningu á þeim kröfum, sem matsbeiðandi telur sig eftir atvikum eiga á hendur matspólum eða þriðju aðilum, eða málsástæðum þeim til stuðnings.

Til að gæta hagsmuna sinna við matið óskast eftirtöldum tilkynnt um matsútnefningu, matsfundi og matsgerð:

1. Jóhannes Karl Sveinsson, lögmaður, (jks@landslog.is), f.h. matsbeiðanda.
2. Hulda Ragnheiður Árnadóttir, framkvæmdastjóri (hulda@nti.is), fyrir hönd matsþolans Náttúruhamfaratryggingar Íslands.
3. Arna Grímsdóttir, lögmaður, framkvæmdastjóri lögfræðisviðs (arna@hsorka.is), fyrir hönd matsþolans HS Orku hf.
4. Baldur Dýrfjörð, lögfræðingur, (baldur@hsveitur.is) fyrir hönd matsþolans HS Veitna hf.
5. Garðar G. Gíslason lögmaður (gardar@iuslaw.is), f.h. Bláa lónsins hf. og tengdra félaga.

Virðingarfyllst,

LANDSLÖG - LÖGFRÆÐISTOFA



Jóhannes Karl Sveinsson, hrl.

AFRIT:

Matsþolar